



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNAEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnýsla og tengiliðir söttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 04.03.2020

Kl.: 17:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Söttvarnalæknir,

Hættustig vegna COVID-19

Lýsing á atburði

Nú hafa samtals 26 tilfelli af veirunni SARS-CoV-2 sem veldur COVID-19 sjúkdómi verið staðfest á Íslandi. Viðkomandi einstaklingar eru í einangrun. Einn hefur þegar verið útskrifaður af Landspítala og er heima í einangrun. Um 380 manns eru í sóttkví. Enn er unnið samkvæmt hættustigi almannavarna og Landsáætlun um heimsfaraldur. Hættumat er óbreytt.

Staða mála

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag 4. mars 2020 hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 94.189 einstaklingum og um 3.000 einstaklingar hafa látist (3,2%). Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 51.004 einstaklegar náð sér eftir veikindin. Mikil fækkun tilfella hefur átt sér stað í Kína. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuógn. Sjá vef [Söttvarnastofnunar Evrópu](#) (ECDC) varðandi þróun mála. [Sjá áhættumat ECDC.](#)

Kína, Suður-Kórea, Íran og Ítalía (frá og með 29. febrúar 2020) eru skilgreind áhættusvæði vegna COVID-19. Allir þeir sem hafa fasta búsetu á Íslandi sem koma fram þessum svæðum – þó svo að þeir fljúgi frá flugvöllum sem ekki eru á skilgreindu áhættusvæði – þurfa að fara í 14 daga sóttkví. Tíu einstaklingar eru í sóttkví á Tenerife. Þau koma að líkindum til landsins á laugardaginn (7.3.2020) eftir 12 daga sóttkví þar í landi og klára sína sóttkví hér.. Sóttkvíin á Tenerife er á ábyrgð spænskra stjórnvalda.

Evrópa, Bandaríkin, Kanada. Heimild: ECDC 4. mars kl. 11:00	Tilfelli	Dauðsföll
Ítalía	2502	80
Frakkland	212	4
Þýskaland	196	0
Spánn	151	0
Bretland	51	0
Sviss	37	0
Noregur	33	0
Holland	28	0
Svíþjóð	24	0
Austurríki	24	0
Ísland	16	0
Belgía	13	0
San Marínó	10	1
Króatía	9	0
Danmörk	8	0
Grikkland	7	0
Finnland	7	0
Tékkland	5	0
Portúgal	4	0
Rúmenía	4	0

Írland	2	0
Eistland	2	0
Lettland	1	0
Andorra	1	0
Pólland	1	0
Luxemburg	1	0
Mónakó	1	0
Litháen	1	0
Bandaríkin	125	9
Kanada	30	0

Ísland. Staðan í dag.

- Tíu einstaklingar greindust í dag með veiruna sem veldur COVID-19 sjúkdómi, fjórir í morgun og sex nú síðdegis. Samtals hafa því 26 tilfelli veirunnar verið greind hér á landi.
- Allir þessir 26 einstaklingar, þar á meðal þeir 10 sem greindust með veiruna í dag, voru á ferðalagi á Norður-Ítalíu eða Austurríki, og höfðu því fengið ráðleggingar um að vera í sóttkví.
- Sá sem fyrst smitaðist er útskrifaður af Landspítala heim í einangrun.
- Í dag hafa um 50 sýni verið rannsökuð á Landspítala. Unnið er að því að auka afkastagetu í greiningu smita á sýkla- og veirufræðideild Landspítala. Frá upphafi hafa um 230 sýni verið rannsökuð.
- Smitranssóknateymi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og sóttvarnalæknis hefur haft samband við viðkomandi einstaklinga. Þau hafa notið liðsinnis heilbrigðisstarfsmanna frá Landspítala.
- Nú eru um 380 einstaklingar í sóttkví á Íslandi.
- Íslensk stjórnvöld hafa gripið til hnitmiðaðra varúðarráðstafana til að koma í veg fyrir víðtæka útbreiðslu COVID-19-veirunnar. Engin smit hafa greinst sem rekja má til innlendra smitleiða.
- Í ljósi fjölmargra fyrirspurna, vill almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ítreka að ekki hefur verið lýst yfir samkomubanni af yfirvöldum hér á landi. Engu að síður er einkar mikilvægt að fólk sem hefur verið á skilgreindum hættusvæðum virði ráðleggingar um sóttkví, en í þeim felst að forðast samneyti við aðra einstaklinga í 14 daga. Á mannamótum er einkar mikilvægt að til staðar sé aðstaða fyrir handþvott og handsprittun. Mælt er til að fólk noti aðrar kveðjur en handaband og faðmlög.
- Líkt og síðustu daga hefur mikið álag verið á síma 1700, en þar getur fólk leitað upplýsinga í tengslum við COVID-19. Sjálfboðaliðar Rauða krossins taka einnig við símtölum í gegnum síma 1700 þegar álagið er mikið. Einnig er hægt að leita til heilsugæslunnar eða senda fyrirspurn í gegnum netspjall Heilsuveru.is en þar er hægt að komast í samband við heilbrigðisstarfsfólk.
- Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, og Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn, mættu á fund velferðarnefndar Alþingis í dag og svöruðu þar spurningum nefndarmanna og upplýstu þá jafnframt um stöðu mál í aðgerðum yfirvalda vegna COVID-19.
- Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins opnaði sérstakan gagnagrunn fyrir Íslendinga erlendis sem óska að vera á skráðir hjá utanríkisráðuneytinu og upplýstir um ferðaráð vegna COVID-19 veirunnar á meðan á dvöl þeirra stendur. Nú hafa 839 skráningar borist í gagnagrunninn og gilda skráningarnar fyrir 1716 manns. Upplýsingar í grunninum verða aðeins notaðar í öryggisskygni og til að utanríkisráðuneytið eða íslenskt sendiráð geti náð sambandi við viðkomandi ef þörf krefur. Borgarþjónustan hefur frá því COVID-19 veiran tók að breiðast út átt í reglubundnu samráði við borgarþjónustur Norðurlandanna.
- Sendar hafa verið upplýsingar til Samtaka atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga og rekstraraðila íþróttamannvirkja með leiðbeiningum varðandi þrif og almennt hreinlæti ásamt veggspjaldi. Verða leiðbeiningarnar aðgengilegar á vef landlæknis.
- Unnið er að upplýsingagjöf til ferðamanna, ferðaþjónustuaðila og sendiráða um viðbrögð og stöðumála.
- Næsti upplýsingafundur fyrir fjölmiðla verður haldinn föstudaginn 6. mars kl. 14:00 í Björgunarmiðstöðinni, Skógarhlíð 14.
- Næsti stöðufundur í Samhæfingarstöð almannavarna verður fimmtudaginn 5. mars kl. 08:15

